

á því. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins, áætlaða komu þess eða brottför af svæðinu og magn rækjuafla um borð. Tilkynna skal Fiskistofu þegar veiðum er lokið á deilissvæði 3L, sbr. 16. gr.

Að öðru leyti fer um tilkynningar samkvæmt 4. gr.

19. gr.

Ef samanlagður aukaafli í veiðum á rækju á deilissvæði 3L allra tegunda sem eru undir stjórn NAFO verður meiri en 2,5% af þunga í hali er skylt að yfirgefa veiðistað. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 5 sjómílna frá þeim stað.

20. gr.

Allur rækjuafli sem veiddur er á deilissvæði 3L, sbr. 16. gr., skal greinilega auðkenndur.

21. gr.

Við veiðar á deilissvæði 3L, sbr. 16. gr., skal lengd keðju sem festir bobbinga eða sambærilegan búnað við troll vera a.m.k. 72 cm.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

22. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

23. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 6, 6. janúar 2000, um veiðar á samningssvæði NAFO 2000, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. janúar 2001.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
1. Rannsóknamaður	3.402
2. Sérfræðingur I	4.483
3. Sérfræðingur II	5.799
4. Sérfræðingur III	6.986

2. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að nauðsynleg sé vinna utan dagvinnutíma.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að veita afslátt af útseldri þjónustu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast nr. 264 14. apríl 2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. janúar 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

Nr. 14

12. janúar 2001

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 859, 4. desember 2000,
um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum.**

1. gr.

Við A-lið 1. gr. bætist ný mgr. er orðist svo: Á þessu svæði (A) eru þó veiðar heimilar vestan 24°00'V, sé varpan búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 486, 4. ágúst 1998, um gerð og búnað smáfiskaskilju.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 13. janúar 2001.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. janúar 2001.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.